Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 23. október 2020 var lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, um tillögu að breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals vegna lóðarinnar nr. 23A við Friggjarbrunn. Í breytingunni felst að hluti lóðarinnar nr. 23 við Friggjarbrunn verður að borgarlandi og lóðirnar nr. 23-41 við Friggjarbrunn stækka. Fyrir lóðir nr. 23-31 og 33-41 er skilgreind kvöð á borgarlandi um aðkomu að lóðunum sem tryggir aðkomu að lóðunum frá Friggjarbrunni. Lóðin við Friggjarbrunn 23 stækkar að götunni og skilgreind er 2,5 m breið kvöð um gönguleið um lóðina næst götunni, samkvæmt uppdr. Teiknistofunnar Storð dags. 8. janúar 2021, breytt 28. apríl 2021. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Framlögð tillaga send lóðarhöfum til kynningar í 2 vikur.

37. **Friggjarbrunnur 31-33, Parhús** (26.935.09) Mál nr. BN059068
Skjalnr. 11840
Halldóra Sólbjartsdóttir, Tröllaborgir 18, 112 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 20. apríl 2021 þar sem sótt er um leyfi til þess að byggja parhús úr krosslímdum timbureiningum, á þremur hæðum ásamt innbyggðum bílskúr á lóð nr. 31-33 við Friggjarbrunn. Einnig er lagt fram bréf Friðriks Guðmundssonar og Halldóru Sólbjartsdóttur dags. 21. apríl 2021.
Stærðir: Mhl. 01: x.xx ferm. x.xx rúmm. Mhl.02: x.xx ferm. x.xx rúmm. Gjald kr. 12.100
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra
38. **Frostafold 33, breyting á deiliskipulagi** (02.856.7) Mál nr. SN210317
Skjalnr. 11555
Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Foldahverfis 4. og 5. áfanga vegna lóðarinnar nr. 33 við Frostafold. Í breytingunni felst að skilgreindir eru tveir byggingarreitir. Innan breytts byggingarreits núverandi húss má auka byggingarmagn. Í suðausturhorni lóðar er aðskilinn byggingarreitur afmarkaður fyrir yfirbyggða sorp- og hjólageymslu. fyrirkomulag bílastæða og aðkoma að lóð er einnig breytt, samkvæmt uppdr. VSÓ rágjafar dags. 9. apríl 2021.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
39. **Lækjargata 12, breyting á deiliskipulagi** (01.141.2) Mál nr. SN210173
Skjalnr. 6699
Höfuðborgareignir ehf., Sigtúni 28, 105 Reykjavík
Atelier Arkitektar slf., Skaftahlíð 16, 105 Reykjavík
Lögð fram umsókn Björns Skaptasonar dags. 4. mars 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Lækjargötu 10 og 12, Vonarstræti 4-4b og Skólalbrú 2 vegna lóðarinnar nr. 12 við Lækjargötu. Í breytingunni felst að bætt er við heimild til þess að gera þaksvalir á inndregnum húshluta á þaki 4. hæðar að Vonarstræti og inngarði, samkvæmt uppdr. Atelier Arkitekta slf. dags. 3. febrúar 2021.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1472/2020.
40. **Lækjargata 10, Glerskáli** (11.412.01) Mál nr. BN059162
Skjalnr. 9758
Höfuðborgareignir ehf., Sigtúni 28, 105 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 27. apríl 2021 þar sem sótt er um leyfi til að steypa nýjan stiga á framhlið og tröppur á bakhlið, innrétta sýningarými á 1. hæð og í risi, koma fyrir pallalyftu í bíslagi sem þjónar kjallara og 1. hæð, innrétta veitingastað í fl. II, teg. A fyrir 45 gesti í kjallara auk þess að byggður er glerskáli yfir fornminjagarð sem tengir Skólalbrú 2 og Lækjargötu 12 við umrætt hús á lóð nr. 10 við Lækjargötu.
Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 26. mars 2021 og Greinargerð hönnunar dags. 10. mars 2021. Glerskáli, hluti á lóð: 133 ferm., 446,1 rúmm. Gjald kr. 12.100
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
41. **Lækjargata 12, Glerskáli** (11.412.03) Mál nr. BN059161
Skjalnr. 6699
Höfuðborgareignir ehf., Sigtúni 28, 105 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 27. apríl 2021 þar sem sótt er um lítils háttar breytingar á 1. hæð til að tengjast glerskála sem byggður verður yfir fornleifagarð og tengir Lækjargötu 10, Skólalbrú 2 við hótél á lóð nr. 12 við Lækjargötu.
Erindi fylgir Greinargerð hönnunar dags. 10. mars 2021 og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 8. apríl 2021. Glerskáli, hluti á lóð: 6 ferm., 32,1 rúmm. Gjald kr. 12.100
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

42. **Skólabrú 2, Glerskáli** (11.412.13) Mál nr. BN059163
Skjalnr. 10800
Höfuðborgareignir ehf., Sigtúni 28, 105 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 27. apríl 2021 þar sem sótt er um leyfi til að dýpka kjallara um 15 cm., grafa frá bakhlið og útbúa verönd þar, breyta innra skipulagi og innréttu 8 gistirými fyrir 28 gesti ásamt því að gluggar og þak verða endurnýjuð í upprunalegri mynd, hús sléttþússað og málað og nýr inngangur gerður úr glerskála sem byggður er yfir fornminjar og tengir Lækjargötu 10 og 12 við hús á lóð nr. 2 við Skólabrú.
Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 24. mars 2021 og Greinargerð hönnunar dags. 10. mars 2021. Stækkun kjallara: xx rúmm.
Glerskáli, hluti á lóð: 99,8 ferm., 510 rúmm. Gjald kr. 12.100
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
43. **Rauðarárst 31-Þverh18, Þverholt 18 - Breyta í íbúðir** (12.440.01) Mál nr. BN059059
Skjalnr. 7079
Gufufoss ehf., Suðurlandsbraut 22, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 9. apríl 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 30. mars 2021 þar sem sótt er um leyfi til þess að innréttu 33 nýjar íbúðir með aðkomu frá Þverholti, með geymslum og 6 vinnustofum á jarðhæð skrifstofu- og atvinnuhúsnæðis (mhl.06) við Þverholt 18 á lóðinni Rauðarárstígur 31- Þverholt 18. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. apríl 2021.
Erindi fylgir lóðauppdráttur 1.244.0 dags. 16. ágúst 2016, hæðablað teiknað í apríl 1968 og mæliblað 1.244.0 síðast breytt 23. janúar 1992. Gjald kr. 12.100
Neikvætt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 30. apríl 2021.
44. **Urðarbrunnur 106-108, Parhús á tveimur hæðum** (50.544.04) Mál nr. BN059131
Skjalnr.
Ólafur Erling Ólafsson, Þorláksgæisli 11, 113 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 20. apríl 2021 þar sem sótt er um leyfi til að byggja tveggja hæða parhús að mestu úr gegnheilum límtréseiningum, með innbyggðum bílgeymslum, á lóð nr. 106-108 við Urðarbrunn.
Mhl. 01, A-rými: 224,6 ferm., 823,7 rúmm. B-rými: 10,2ferm., xx rúmm.
Mhl. 02, A-rými: 203,6 ferm., 748,2 rúmm. B-rými: 9,8 ferm., xx rúmm. Gjald kr. 11.200
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
45. **Ægisgata 7, (fsp) breyting á notkun** (01.132.0) Mál nr. SN210124
Skjalnr. 10145
M3 fasteignapróun ehf., Öldugötu 27, 101 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn M3 fasteignapróunar ehf. dags. 14. febrúar 2021 um breytingu á notkun hússins á lóð nr. 7 við Ægisgötu sem felst í að breyta iðnaðarhúsnæði í íbúðarhúsnæði, samkvæmt tillögu Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssonar og félaga ehf. og M3 fasteignapróunar ehf. dags. 12. febrúar 2021. Jafnframt er lögð fram uppfærð tillaga Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssonar og félaga ehf. og M3 fasteignapróunar ehf. dags. 12. febrúar 2021 uppf. 22. mars 2021. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. mars 2021. Lagt fram að nýju ásamt bréfi Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssonar og félaga dags. 12. apríl 2021.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.

46. **Bárugata 14, Breyta og hækka mæni og útveggi** (11.362.21) Mál nr. BN058038
Skjalnr. 14209
Benedikt Skúlason, Bárugata 14, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 12. janúar 2021 þar sem sótt er um leyfi til að breyta og hækka mæni og útveggi á þakrými þannig að fáiast portbyggð hæð í risi í húsi á lóð nr. 14 við Bárugötu, samkvæmt uppdr. Stáss arkitekta ehf. dags. 30. september 2020. Einnig eru lagðir fram eftirfarandi uppdr. Stáss arkitekta ehf.; götummynd og útlit húss ódags. og skuggavarp ódags. Einnig er lagður fram tölvupóstur Friðriks Friðrikssonar dags. 18. febrúar 2021 þar sem óskað er eftir framlengingu á athugasemdafresti. og skuggavarpsuppdættir ódags. mótt 17. mars 2021 og 20. apríl 2021. Jafnframt er lagður fram tölvupóstur Friðriks Friðrikssonar 31. mars 2021 þar sem óskað er eftir framlengingu á athugasemdafresti. Stækkun: 36.3 ferm., 181.9 rúmm. Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 6. október 2020. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 6. nóvember 2020 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. nóvember 2020. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 9. nóvember 2020. Gjald kr. 11.200
Samþykkt að framlengja athugasemdafrest til og með 6. maí 2021.
47. **Básendi 2, Viðbygging/hæð** (18.240.10) Mál nr. BN059142
Skjalnr. 9357
Arnar Konráðsson, Básendi 2, 108 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 27. apríl 2021 þar sem sótt er um leyfi til að hækka rishæð og innréttu stækkun íbúðar á 1. hæð, gera svalir á 1. hæð og klæða að utan með lerki einbýlishús á lóð nr. 2 við Básenda. Lögð er fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. janúar 2018. Stækkun: xx ferm., xx rúmm. Eftir stækkun: 239,4 ferm., 681,2 rúmm. Gjald kr. 12.100
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
48. **Brautarholt 4-4A, Íbúðarhúsnæði og þjónusta/verslun - BN052434** (12.412.03) Mál nr. BN057715
Skjalnr. 9198
V Tólf Fasteignir ehf., Hófgerði 2, 200 Kópavogur
Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 6. október 2020 þar sem sótt er um leyfi til að byggja einnar hæðar viðbyggingu á bakhlið, stækka og síkka glugga og koma fyrir svölum á báðum hliðum, koma fyrir lyftu og innréttu 16 íbúðir á 2. - 4. hæð og verslun og sameiginlegt þvottahús á jarðhæð, einnig til að byggja einnar hæðar byggingu að lóðamörkum í austur og suður þar sem innréttuð verður hjólageymsla og geymslur íbúða með verönd á þaki á og við hús nr. 4, mhl. 01 á lóð nr. 4-4A við Brautarholt, samkvæmt uppdr. T.ark arkitekta ehf. dags. 21. febrúar 2017 síðast br. 27. apríl 2021. Lagður fram tölvupóstur Pálmar Kristmundsson dags. 14. desember 2020 þar sem óskað er eftir framlengingu á athugasemdarfresti. Erindi var grenndarkynnt frá 18. nóvember 2020 til og með 8. janúar 2021. Eftirtaldir sendu athugasemdir: PK Arkitekta ehf., Pálmar Kristmundsson, dags. 27. nóvember 2020 og 7. janúar 2021 og Sigurður G Guðmundsson f.h. PKdM Arkitekta ehf. dags. 7. janúar 2021. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. janúar 2021 og er nú lagt fram að nýju. Erindi fylgir greinargerð hönnuðar um algilda hönnun dags. 21. febrúar 2017, samþykki meðlóðarhafa dags. 12., 13. og 18. maí 2020, bréf hönnuðar dags. 29. september 2020 og tillaga að nýju lóðarblaði mótt. 29. september 2020. Einnig fylgir útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 14. ágúst 2020 ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. ágúst 2020 og bréf skipulagsfulltrúa dags. 17. ágúst 2020. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. október 2020. Stækkun: 208,3 ferm., 604,7 rúmm. Eftir stækkun, A-rými: 1.182,8 ferm., 3.987,7 rúmm. B-rými: 18,8 ferm., 53,5 rúmm. Gjald kr. 11.200
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.

49. **Bústaðavegur 87, Hækka ris og byggja kvisti, þvottaherbergi skipt upp.** (18.192.09) Mál nr. BN059134
Skjalnr. 14447
Hækkun ehf., Klettási 19, 210 Garðabær
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 16. apríl 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 13. apríl 2021 þar sem sótt er um leyfi til að hækka þak og byggja tvo kvisti og viðbyggingu til suðurs ásamt því að koma fyrir svölum og breyta innra skipulagi íbúðar 0201, auk þess að skipta upp þvottaherbergi og gera hurð út í garð á 1. hæð í húsi á lóð nr. 87 við Bústaðaveg. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. apríl 2021.
Stækkun: 74,8.2 ferm., 153.8 rúmm. Gjald kr. 11.200
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. apríl 2021 samþykkt.
50. **Bústaðavegur 89, Nýjar svalir á 2. hæð og innribreytingar á 3 og 1 hæð sbr. BN056313** (18.192.10) Mál nr. BN059133
Skjalnr. 6389
Hækkun ehf., Klettási 19, 210 Garðabær
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 16. apríl 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 13. apríl 2021 þar sem sótt er um leyfi til að breyta erindi, BN056313, þannig að innra skipulagi er breytt í risi og er þar komið fyrir eldhúsi, svalir gerðar á 2. hæð og hurð út í garð, auk þess að skipta upp þvottaherbergi og gera hurð út í garð á 1. hæð í húsi á lóð nr. 89 við Bústaðaveg. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. apríl 2021.
Stækkun frá áður samþykktu er: 9,6 ferm., 40,5 rúmm. Gjald kr. 12.100
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. apríl 2021 samþykkt.
51. **Fjólugata 13, (fsp) garðskáli** (01.185.1) Mál nr. SN210298
Skjalnr. 11727
Davíð Kristján Chatham Pitt, Skildinganes 11, 102
Tvíeyki ehf., Skildinganesi 11, 101 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Davíðs Kristjáns Chatham Pitt dags. 16. apríl 2021 um að reisa garðskála við austurhlíð hússins á lóð nr. 13 við Fjólugötu við lóðarmörk Fjólugötu 15, samkvæmt uppd. ódags.
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
52. **Hraunbær 36-60, (fsp) - Breyting í kjallararými** (43.343.01) Mál nr. BN059077
Skjalnr. 14211
Guðbrandur Rúnar Axelsson, Hraunbær 50, 110 Reykjavík
Margrét Andrelin Axelsson, Hraunbær 50, 110 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 20. apríl 2021 þar sem spurt er um leyfi fyrir áður gerðri íbúð í kjallara húss nr. 50 lóð nr. 36-60 við Hraunbæ.
Erindi fylgja ljósmyndir og eignaskiptayfirlýsing dags. 2006.
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
53. **Hvassaleiti 1-9, (fsp) nr. 5 - setja stiga** (01.725.1) Mál nr. SN210308
Skjalnr. 11448
Hönnun og viðhald ehf., Stekkjarkinn 17, 220 Hafnarfjörður
Lögð fram fyrirspurn Hannesar Árnasonar dags. 21. apríl 2021 um að setja stiga frá efri svölum hússins að Hvassaleiti 5, lóð nr. 1-5 við Hvassaleiti, niður á neðri svalir, samkvæmt skissu á ljósmynd.
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.

54. **Hvassaleitisskóli, breyting á deiliskipulagi** (01.804.1) Mál nr. SN190296
Skjalnr. 8769
- Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi fyrir Hvassaleitisskóla að Stóragerði 11A. Í tillögunni eru sýndar endurbætur er stuðla að auknu öryggi nemenda og starfsmanna skólans, bæði er varðar bætt aðgengi að skólalóðinni og bættri aðstöðu til leikja innan hennar. Færa á almennu bílastæðin (30 stk.) frá norðurhluta skólalóðar yfir á suðurhluta með nýrri aðkomu frá Brekkugerði sem er á borgarlandi. Stæði hreyfihamlaða (2 stk.) verða áfram á núverandi stað fyrir framan aðalinngang skólans. Deiliskipulagsmörk verða útvíkkuð og skólalóð verður stækkuð auk þess sem komið verður fyrir skólarútustæði og sleppistæði í Stóragerði. Nýjum byggingarreitum undir færanlegar kennslustofur og nýtt sorpgerði er komið fyrir innan skólalóðarinnar, samkvæmt uppdr. Hornsteina arkitekta ehf. dags. 29. janúar 2021. Einnig er lagt fram minnisblað skóla- og frístundasviðs dags. 16. apríl 2019. Tillagan var auglýst frá 19. febrúar 2021 til og með 7. apríl 2021. Eftirtaldir sendu inn athugasemdir: Ólafía Aðalsteinsdóttir dags. 4. mars 2021, Axel Kaaber dags. 6. apríl 2021 og 46 eigendur að Brekkugerði og Stóragerði 27, dags. 7. apríl 2021. Erindinu var vísað til umsagnar hjá verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 9. apríl 2021 og er nú lagt fram að nýju.
- Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*
55. **Hverfisgata 46, breyting á skilmálum deiliskipulags** (01.172.0) Mál nr. SN200262
Skjalnr. 8146
- Þingvangur ehf., Smiðsbúð 7, 210 Garðabær
- Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Þingvangs ehf. dags. 30. apríl 2020 varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulags Brynjureits vegna lóðarinnar nr. 46 við Hverfisgötu. Í breytingunni felst að breytt er texta í 14. málsgrein í kaflanum "Sér ákvæði fyrir einstök hús" þannig að bætt er í textann að heimilt verður að vera með gistiaðstöðu á fyrstu hæð hússins við Hverfisgötu og atvinnustarfsemi og gistiaðstöðu á efri hæðum, samkvæmt tillögu Urban arkitekta ehf. dags. 22. apríl 2020. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. maí 2020. Tillagan var auglýst frá 17. júlí 2020 til og með 31. ágúst 2020. Engar athugasemdir bárust.
- Ræða. Var samþykkt á fundi 9. apríl sl. Er þetta rétt bókun?
- Leiðrétt bókun frá afgreiðslufundi 9. apríl 2021.*
- Rétt bókun: Frestað.*
56. **Reykjavíkurvegur 31B, skipting lóðar** (06.355) Mál nr. SN210222
Skjalnr. 14131
- Aron Ingi Óskarsson, Laugalækur 1, 105 Reykjavík
- Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 26. mars 2021 var lögð fram umsókn Arons Inga Óskarssonar dags. 18. mars 2021 um skiptingu lóðarinnar nr. 31B við Reykjavíkurveg. Einnig er lögð fram drög að lóðarblaði dags. 31. mars 2019 og afsalsbréf dags. 10. ágúst 1988. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
- Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*
57. **Safamýri 43, (fsp) stækkun svala** Mál nr. SN210303
Skjalnr.
- Ásgeir Þórðarson, Safamýri 43, 108 Reykjavík
- Lögð fram fyrirspurn Ásgeirs Þórðarsonar dags. 19. apríl 2021 um stækkun svala á 2. og 3. hæð hússins á lóð nr. 43 við Safamýri.
- Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

58. **Árskógar 2, Skilti** (49.113.01) Mál nr. BN059185
Skjalnr. 9037
Íþróttafélag Reykjavíkur, Skógarseli 12, 109 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 27. apríl 2021 þar sem sótt er um leyfi til að koma fyrir stafrænu skilti í stað núverandi flettiskilti við gatnamót Breiðholtsbrautar og Skógarsels, jafnframt er kannaður sá möguleiki á að hækka núverandi skilti eða koma því fyrir á gatnamótum Breiðholtsbrautar og Skógarsels/Stekkjarbakka.
Erindi fylgir bréf framkvæmdastjóra ÍR dags. 31. mars 2021.
Gjald kr.12.100
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
59. **Blikastaðavegur 2-8, breyting á** (02.4) Mál nr. SN200629
deiliskipulagi Skjalnr. 7976
Arkís arkitektar ehf., Kleppsvegi 152, 104 Reykjavík
Korputorg ehf., Tunguhálsi 6, 110 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 30. október 2020 var lögð fram umsókn Arkís Arkitekta ehf. dags. 8. október 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 2-8 við Blikastaðaveg. Í breytingunni felst að leiðrétta lóðastærð, bæta við tveimur byggingarreitum og auka byggingarmagn um 12.500 m². Þá eru bílastæðakröfur uppfærðar. Við útfærslu bygginga skal gæta að heildar samræmi á lóðinni og ásýndum bygginga og brjóta upp lengd húshliðar sem vísa að Vesturlandsvegi. samkvæmt uppdr. Arkís Arkitekta ehf. dags. 5. október 2020. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Vísad til skipulags- og samgönguráðs.
Vakin er athygli á að erindið fellur undir lið 7.5 í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1472/2020.
60. **Heiðmörk, lækun yfirborðs** (08.1) Mál nr. SN210318
Myllulækjartjarnar Skjalnr. 9424
Veitur ohf., Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík
Lagt fram minnisblað Veitna ohf. dags. 21. apríl 2021 vegna áforma Veitna um lækun yfirborðs Myllulækjartjarnar.
Vísad til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
61. **Rafstöðvarvegur 41, Endurnýjun þaks og** (42.6--98) Mál nr. BN059141
stækkun Skjalnr. 9249
Elísabet Hannam, Langagerði 120, 108 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 20. apríl 2021 þar sem sótt er um leyfi til endurnýjunar á þaki og klæðningu á húsi nr. 41 á lóð nr. 41 við Rafstöðvarveg.
Stækkun er: xx,x ferm., xx,x rúmm. Gjald kr.12.100
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
62. **Rauðhólar, nýtt deiliskipulag** (08.1) Mál nr. SN200198
Skjalnr. 13634
Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, dags. 22. mars 2021, að deiliskipulagi fyrir Rauðhóla. Um er að ræða Rauðhóla sem hafa verið friðlýstir sem fólkvangur síðan 1974, ásamt aðliggjandi svæði í kringum Heiðmerkurveg yfir brúnna að Helluvatni. Í tillögunni eru aðalleiðir gangandi og ríðandi um svæðið fest inn á skipulagsáætlun. Er það gert til að auka upplifun ólíkra útivistarhópa í sátt við náttúruna, auk þess sem náttúru- og útivistarstúgar eru skilgreindir á uppdrætti. Jafnframt er nýtt bílastæðahólf skilgreint sem jafnframt er þá upphafsstaður fyrir aðkomu inn í Rauðhólana fyrir þá sem koma akandi að svæðinu. Búið er að kortleggja helstu jarðminjar og vistgerðir auk fornleifapunkta. Einnig er lögð fram skýrsla Náttúrufræðistofnunar Íslands dags. í nóvember 2020.
Vísad til skipulags- og samgönguráðs.

63. **Skútuvogur 8, staðsetning útibús** (01.420.6) Mál nr. SN210295
ökutækjaleigu Skjalnr. 5848
 Samgöngustofa, Ármúla 2, 108 Reykjavík
 Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 21. apríl 2021 var lagt fram bréf Samgöngustofu dags. 14. apríl 2021 þar sem óskað er eftir umsögn um staðsetningu útibús bílaleigunnar Höldur ehf./Bílaleigu Akureyrar að Skútuvogi 8. Gert er ráð fyrir 350 ökutækjum til útleigu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. apríl 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. apríl 2021 samþykkt.
64. **Stjörnugróf 7-11, breyting á deiliskipulagi** (01.8) Mál nr. SN210310
 Skjalnr. 5635
 Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, að breytingu á deiliskipulagi Fossvogshverfis, með síðari breytingum, vegna lóðarinnar nr. 7-11 við Stjörnugróf. Í breytingunni felst breikkun á göngu- og hjólastíg vestan við Stjörnugróf og niðurfellingu kvaðar um snjóbræðslu á stígnum norðan við Stjörnugróf 7 innan lóða á reit A og B, samkvæmt uppd. A2F arkitekta ehf. dags. 16. apríl 2021.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.
65. **Súðarvogur 2, (fsp) breyting á notkun** (01.450.0) Mál nr. SN210311
 Skjalnr. 8793
 Guðmundur Gunnlaugsson, Naustabryggja 54-56, 110 Reykjavík
 Súðarvogur 2 ehf., Pósthólf 8787, 108 Reykjavík
 Lögð fram fyrirspurn Guðmundar Gunnlaugssonar dags. 23. apríl 2021 ásamt bréfi Alexanders G. Alexanderssonar f.h. Súðarvogs 2 dags. 29. mars 2021 um að breyta 7 litlum atvinnurýmum að Súðarvogi 2 í öríbúðir fyrir ungt fólk/stúdenta, samkvæmt uppd. Guðmundar Gunnlaugssonar ark. dags. 29. mars 2021.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
66. **Brúum bilið á meðan við brúum bilið,** Mál nr. SN210324
mögulegar staðsetningar fyrir nýtt Skjalnr.
leikskólahúsnæði
 Lögð fram greinargerð starfshóps "Brúum bilið á meðan við brúum bilið" þar sem lagðar eru til mögulegar staðsetningar fyrir nýtt leikskólahúsnæði á fimm stöðum í borginni: Vogabyggð 5, Nauthólsvegi 81, Barónsstíg 34, Eggertsgötu 35 og Hagatorgi. Um er að ræða færanlegar einingar sem eru víkjandi fyrir annarri starfsemi/framtíðaruppbyggingu á lóðunum sem um ræðir. Mögulegur fjöldi leikskólaplássa er u.þ.b. 60-100 á hverjum stað fyrir sig.
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir.
67. **Fagribær 13, Stækka hús** (43.515.01) Mál nr. BN059209
 Skjalnr. 14410
 Jóhanna Sigurborg Jafetsdóttir, Fagribær 13, 110 Reykjavík
 Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 27. apríl 2021 þar sem sótt er um leyfi til að byggja steinsteypa viðbyggingu á austurgafli einbýlishúss á lóð nr. 13 við Fagrabæ.
 Erindi fylgir yfirlit breytinga. Stækkun: 51,3 ferm., xx rúmm. Eftir stækkun: 223,1 ferm., 787,9 rúmm. Gjald kr. 12.100
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

68. **Stangarhylur 7, ósk um umsögn vegna starfsleyfis** (04.232.2)

Mál nr. SN190690
Skjalnr. 6729

Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 22. nóvember 2019 var lagt fram erindi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar dags. 18. nóvember 2019 þar sem óskað er eftir umsögn skipulagsfulltrúa vegna umsóknar um starfsleyfi fyrir Málmaendurvinnsluna ehf. að Stangarhyl 7, í kjallara, norðaustan megin í húsinu. Starfsemin felst í móttöku á málum sem eru flokkaðir og fluttir úr landi til endurvinnslu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 29. nóvember 2019. Einnig er lagt fram bréf Ívars Pálssonar f.h. Landslaga dags. 25. mars 2021.

Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:35.